



Fréttatilkynning  
Reykjavík 15. maí 2008

**Icelandic Group hf. – 1. ársfjórðungur 2008:**

## **Rekstur á áætlun - rekstrarkostnaður lækkar um 17%**

**Styrking evru felur í sér €7,5 milljóna gengistap.**

### **Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs**

- Vörusala € 321,1 milljónir
- 11% samdráttur í tekjum að teknu tilliti til gengisáhrifa
- Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) € 11,9 milljónir
- Rekstrarhagnaður (EBIT) er € 7,3 milljónir
- Tap € 7,3 milljónir
- Vaxtaberandi skuldir lækka um €37 milljónir
- Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti € 32,9 milljónir
- Heildareignir € 723 milljónir – eiginfjárlutfall 16,1%
- Birgðir samstæðunnar lækka um € 43,7 milljónir frá áramótum
- Heildarskuldir samstæðunnar lækka um € 57,1 milljón frá áramótum

### **Finnbogi A. Baldvinsson forstjóri Icelandic Group:**

*Rekstur Icelandic Group hf. var samkvæmt áætlun á fyrsta ársfjórðungi. Það eru vissulega jákvæð teikn, en á móti kemur frávik sem eru fjármagnsliðirnir. Félagið er að vinna á mörgum mörkuðum og gengisþróun hefur mikil áhrif á félagið. Gengistap á ársfjórðungnum nam sjö og hálfri milljón evra en var á sama tíma í fyrra 55 þúsund evrur. Á móti kemur að vaxtaberandi skuldir samstæðunnar lækka um 37 milljónir evra sem er að hluta til vegna styrkingar evrunnar.*

*Við höfum náð að lækka rekstrarkostnað samsteypunnar umtalsvert eða um 17% þegar bornir eru saman fyrstu ársfjórðungar í fyrra og í ár.*

Víkjandi lán sem félagið er að ganga frá gerir það að verkum að við getum óhikað tekist á við þau stóru verkefni sem framundan eru. Ég er þess fullviss að reksturinn mun skila aukinni framlegð þegar líður á árið.

<b>Ársfjórðungayfirlit - lykiltölur</b>					
Fjárhæðir í € '000	1F 2008	4F 2007	3F 2007	2F 2007	1F 2007
Vörusala .....	321.082	327.784	327.428	344.001	385.161
Kostnaðarverð seldra vara .....	(287.009)	(299.355)	(293.661)	(312.604)	(342.927)
<b>Framlegð .....</b>	<b>34.073</b>	<b>28.429</b>	<b>33.767</b>	<b>31.397</b>	<b>42.234</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	1.417	4.318	1.934	1.230	1.656
Rekstrarkostnaður .....	(28.060)	(47.439)	(31.712)	(33.136)	(34.334)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	(105)	(70)	(274)	(11)	(43)
<b>Rekstrarhagnaður (-tap).....</b>	<b>7.325</b>	<b>(14.762)</b>	<b>3.715</b>	<b>(520)</b>	<b>9.513</b>
Hrein fjármagnsgjöld.....	(15.161)	(12.620)	(8.781)	(1.214)	(5.872)
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>(7.836)</b>	<b>(27.382)</b>	<b>(5.066)</b>	<b>(1.734)</b>	<b>3.641</b>
Tekjuskattur.....	583	(1.609)	2.517	1.650	(1.354)
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>(7.253)</b>	<b>(28.991)</b>	<b>(2.549)</b>	<b>(84)</b>	<b>2.287</b>
<b>EBITDA .....</b>	<b>11.883</b>	<b>1.367</b>	<b>8.506</b>	<b>4.295</b>	<b>14.170</b>
<b>EBITDA hlutfall .....</b>	<b>3,7%</b>	<b>0,4%</b>	<b>2,6%</b>	<b>1,2%</b>	<b>3,7%</b>

<b>Fimm ára yfirlit - efnahagsreikningur</b>					
Fjárhæðir í € '000	31.3.2008	31.12.2007	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004
Fastafjármunir.....	348.146	366.146	407.282	275.231	142.400
Veltufjármunir.....	374.808	429.917	499.468	415.184	279.994
Eignir samtals.....	722.954	796.063	906.750	690.415	422.394
Eigið fé.....	116.282	132.330	176.241	116.741	35.759
Langtímaskuldir .....	182.535	195.442	228.182	142.837	112.860
Skammtímaskuldir.....	424.137	468.291	502.327	430.837	273.775
Eigið fé og skuldir samtals.....	722.954	796.063	906.750	690.415	422.394

## Rekstrarreikningur fyrsta ársfjórðungs 2008

### Reikningsskilaaðferðir

Við gerð þessa árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings 2007.

Rekstrarreikningur - lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	1F 2008	1F 2007	Breyting %
Vörusala.....	321.082	385.161	-16,6%
Kostnaðarverð seldra vara.....	(287.009)	(342.927)	-16,3%
<b>Framlegð .....</b>	<b>34.073</b>	<b>42.234</b>	-19,3%
Aðrar rekstrartekjur.....	1.417	1.656	-14,4%
Rekstrarkostnaður.....	(28.060)	(34.334)	-18,3%
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(105)	(43)	
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) (EBIT) .....</b>	<b>7.325</b>	<b>9.513</b>	-23,0%
Hrein fjármagnsgjöld.....	(15.161)	(5.872)	158,2%
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>(7.836)</b>	<b>3.641</b>	-315,2%
Tekjuskattur.....	583	(1.354)	-143,1%
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>(7.253)</b>	<b>2.287</b>	-417,1%
<b>EBITDA .....</b>	<b>11.883</b>	<b>14.170</b>	-16,1%
EBITDA hlutfall .....	3,7%	3,7%	
<b>(Tap) hagnaður á hlut .....</b>	<b>(0,0025)</b>	<b>0,0008</b>	

Vörusala fjórðungsins nam € 321,1 milljónum samanborið við € 385,2 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Lækkun nemur 16,6%. Helstu ástæður samdráttarins eru styrking evru gagnvart öðrum gjaldmiðlum, aflögð starfsemi í OTO, ásamt almennt minni sölu á mörkuðum félagsins vegna efnahagssamdráttar.

### Starfspættir – skipting eftir eðli rekstrar

Sala eftir eðli rekstrar greinist þannig:

Starfspættir - skipting sölu eftir eðli rekstrar			
Fjárhæðir í € '000	1F 2008	1F 2007	Breyting%
Framleiðslufyrirtæki.....	262.017	320.050	-18,1%
Sölu- og markaðsfyrirtæki.....	131.593	150.065	-12,3%
Þjónustu og eignarhaldsfélög.....	640	4.548	-85,9%
<b>394.250</b>	<b>474.663</b>	-16,9%	
Jöfnunarfærslur.....	(73.168)	(89.502)	-18,2%
<b>Sala samtals .....</b>	<b>321.082</b>	<b>385.161</b>	-16,6%

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam € 7,3 milljónum samanborið við € 9,5 milljónir á sama tímabili síðasta árs.

Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) á fjórðungnum nam € 11,9 milljónum samanborið við € 14,2 milljónir á sama tímabili síðasta árs.

Hrein fjármagnsgjöld í fjórðungnum námu € 15,2 milljónum samanborið við € 5,9 milljónir á sama tímabili ársins 2007. Gengistap í fjórðungnum nam € 7,5 milljónum samanborið við € 0,1 milljón á sama tímabili síðasta árs.

Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi nemur € 0,6 milljónum sem samsvarar 7,4% tekjuskatti.

Tap fyrsta ársfjórðungs nam € 7,3 milljónum samanborið við € 2,3 milljón hagnað á sama tímabili síðasta árs.

## Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur samstæðunnar- lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	31.3.2008	31.12.2007	Breyting %
Fastafjármunir .....	348.146	366.146	-4,9%
Veltufjármunir.....	374.808	429.917	-12,8%
Eignir samtals.....	722.954	796.063	-9,2%
Eigið fé.....	116.282	132.330	-12,1%
Langtímaskuldir .....	182.535	195.442	-6,6%
Skammtímaskuldir.....	424.137	468.291	-9,4%
Eigið fé og skuldir samtals.....	722.954	796.063	-9,2%

Heildareignir Icelandic Group í lok fjórðungsins námu € 723 milljónum samanborið við €796 milljónir í lok árs 2007.

Fastafjármunir námu € 348,1 milljónum í marslok samanborið við € 366,1 milljón í árslok 2007. Óefnislegar eignir námu € 217,0 milljónum samanborið við € 227,2 milljónir í lok árs 2007.

Veltufjármunir námu € 374,8 milljónum. Þar af eru birgðir € 198,8 milljónir samanborið við € 242,5 milljónir í árslok 2007.

Heildarskuldir í lok tímabilsins námu € 606,7 milljónum samanborið við € 663,7 milljónir í árslok 2007. Nettó skuldir (heildarskuldir að frádragnum veltufjármunum) námu € 231,9 milljón í marslok, samanborið við € 233,8 milljónir í árslok 2007. Vaxtaberandi skuldir námu € 477,6 milljónum samanborið við € 514,5 milljónir í árslok 2007.

Eigið fé í marslok nam € 116,3 milljónum samanborið við € 132,3 milljónir í árslok 2007. Eiginfjárhlutfallið er 16,1% samanborið við 16,6% í árslok 2007.

## Sjóðstreymi

Sjóðstreymi - lykiltölur	2008	2007	Breyting %
Fjárhæðir í € '000			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta.....	32.926	10.722	207%
Handbært fé frá rekstri.....	26.968	3.374	699%
Fjárfestingarhreyfingar.....	(7.644)	(2.381)	-221%
Fjármögnunarhreyfingar.....	(19.478)	8.627	-326%
Breyting handbærs fjár.....	(154)	9.620	-102%

Handbært fé frá rekstri fyrir greiðslu skatta og vaxta nam € 32,9 milljónum samanborið við € 10,7 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Að teknu tilliti til greiðslu vaxta og tekjuskatts nam handbært fé til rekstrar € 27,0 milljónum en á sama tímabili síðasta árs nam handbært fé frá rekstri € 3,4 milljónum. Hreinar fjárfestingar námu € 7,6 milljónum samanborið við € 2,4 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Fjármögnunarhreyfingar námu € 19,5 milljónum en á fyrsta ársfjórðungi síðsta árs nam fjárhæðin € 8,6 milljónum. Handbært fé í marslok nam € 26,7 milljónum.

### Atburðir eftir fyrsta ársfjórðung 2008

#### *Icelandic Group óskar eftir afskráningu úr kauphöll OMX*

Í framhaldi af aðalfundi Icelandic Group hf. fór stjórn félagsins þess á leit við NASDAQ OMX Nordic Exchange á Íslandi að hlutir félagsins verði teknir úr viðskiptum af aðalmarkaði NASDAQ OMX ICE.

#### *Lokun verksmiðju Coldwater í Redditch*

Coldwater Seafood hefur náð samkomulagi við starfsmenn Redditch verksmiðjunnar og verkalýðsfélög á svæðinu, um að loka verksmiðjunni eftir undangenginn 90 daga samningaferil sem hófst í byrjun mars. Náðst hefur samkomulag við starfsmenn um uppsaganarákvæði og verður verksmiðjunni lokað þann 6. júní 2008. Framleiðsla tilbúinna rétta verður flutt í verksmiðjur Coldwater í Grimsby. Áætlun um flutning á framleiðslunni er í vinnslu ásamt undirbúningi að lokun Redditch verksmiðjunnar.

#### *Lán með breytirétti.*

Á aðalfundi félagsins var samþykkt tillaga stjórnar um að félagið taki lán með breytirétti, skv. VI. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. Fjárhæð lánsins er í íslenskum krónum en samsvarar allt að € 41.000.000 á þeim degi sem lánið verður tekið. Lánstíminn er 4 ár. Lánsfjárhæðinni ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði samkvæmt skilmálum láns skjala má breyta í hluti í félaginu við gjalddaga lánsins og fá eigendur skuldaskjalanna einn hlut fyrir hverja krónu. Hlutafé félagsins verður hækkað sem nemur þeirri fjárhæð sem nauðsynlegt er til að mæta breytiréttinum, samanlagt allt að nafnverði kr. 15.000.000.000 og féllu hluthafar frá forgangsrétti.

### **Samþykkt árs hlutareiknings**

Stjórn Icelandic Group hf. samþykkti árs hlutareikning fyrir fyrsta ársfjórðung 2008 á stjórnarfundum 15. maí 2008.

### **Kynningarfundur fyrir markaðsaðila**

Föstudaginn 16. maí verður haldinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila. Fundurinn fer fram í húsnæði félagsins að Borgartúni 27 (fyrstu hæð) Reykjavík og hefst kl. 8:30. Á fundinum munu stjórnendur félagsins kynna árs hlutauppgjörið. Hægt verður að nálgast kynninguna á vefsvæði félagsins, [www.icelandic.is](http://www.icelandic.is), og á vefsvæði OMX Nordic Exchange á Íslandi ([www.omxgroup.com/omxcorp/](http://www.omxgroup.com/omxcorp/)) að fundi loknum.

### **Birtingaráætlun 2008**

Annar ársfjórðungur 2008	vika 33 2008
Þriðji ársfjórðungur 2008	vika 46 2008
Ársuppgjör 2008	vika 10 2009

Birtingaráætlun er einnig að finna á vefsíðu Icelandic Group, [www.icelandic.is](http://www.icelandic.is).

### **Fréttatilkynningar**

Ef óskað er eftir að fá sendar fréttatilkynningar Icelandic Group í tölvupósti er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://icelandic.is/index.aspx?GroupId=84>

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir:

Finnbogi Baldvinsson, forstjóri S: +49 1723 198 727

Reykjavík, 15. maí 2008  
Icelandic Group

## Um Icelandic Group

Icelandic Group (OMX Nordic Exchange: IG) er alþjóðlegt net fyrirtækja sem starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu sjávarafurða á alþjóðlegum mörkuðum. Á mörgum mörkuðum er félagið þekkt fyrir vörumerki sitt ICELANDIC, sérstaklega innan veitingahúsa og mótuneyta. Félagið er einnig stór birgi smásöluverslana með framleiðslu undir eigin vörumerkjum eða undir vörumerkjum smásölukeðjanna. Starfsmenn Icelandic Group eru um 4.600. Hjá þeim stóra hópi liggur yfirgripsmikil þekking sem spannar allt frá veiðum og frumvinnslu sjávarfangs til vörubrúnar og framleiðslu tilbúinna rétta og þekking á markaði.

<b>Fimm ára yfirlit - rekstrarreikningur</b>					
<b>Fjárhæðir í € '000</b>	<b>1F 2008</b>	<b>2007</b>	<b>2006</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>
Vörusala.....	321.082	1.384.374	1.471.316	1.200.257	802.624
Kostnaðarverð seldra vara.....	(287.009)	(1.248.547)	(1.316.606)	(1.084.702)	(719.586)
<b>Framlegð</b> .....	<b>34.073</b>	<b>135.827</b>	<b>154.710</b>	<b>115.555</b>	<b>83.038</b>
Aðrar rekstrartekjur.....	1.417	9.138	10.587	4.761	5.811
Annar rekstrarkostnaður.....	(28.060)	(146.621)	(160.533)	(118.057)	(66.156)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(105)	(398)	700	154	(702)
<b>(Rekstrartap) - hagnaður</b> .....	<b>7.325</b>	<b>(2.054)</b>	<b>5.464</b>	<b>2.413</b>	<b>21.991</b>
Hrein fjármagnsgjöld.....	(15.161)	(28.487)	(24.005)	(21.740)	(10.449)
<b>(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	<b>(7.836)</b>	<b>(30.541)</b>	<b>(18.541)</b>	<b>(19.327)</b>	<b>11.542</b>
Tekjuskattur.....	583	1.204	7.118	4.235	(4.672)
<b>(Tap) hagnaður</b> .....	<b>(7.253)</b>	<b>(29.337)</b>	<b>(11.423)</b>	<b>(15.092)</b>	<b>6.870</b>
<b>EBITDA</b> .....	<b>11.883</b>	<b>28.338</b>	<b>36.946</b>	<b>16.222</b>	<b>28.941</b>
<b>EBITDA hlutfall</b> .....	<b>3,7%</b>	<b>2,0%</b>	<b>2,5%</b>	<b>1,4%</b>	<b>3,6%</b>